

139 **Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um rjett lands-**
6. desbr. verkfræðinganna til að nota þjónustufrímerki.

Að gefnu tilefni skal yður, herra póstmeistari, hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir póstmönnum, að verkfræðingur sá, sem ráðinn er í þjónustu landsins samkvæmt fjárlögum 20. október 1905, 15. gr. 2. tbl., hefir eins og landsverkfræðingurinn, sem ráðinn er samkvæmt 12. gr. B 1 fjárlaganna, rjett til að nota þjónustufrímerki samkvæmt ákvæðum reglugjörðar 12. október 1903 um viðauka við reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitastjórnum, dagsetta 17. maí 1902.

140 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógetans í Reykjavík**
7. des. um innheimtulaun stranduppboða m. m.

Það hefir þótt athugasvert við strandreikninga úr ýmsum lögsagnarum-dæmum, að greidd hefir verið af strandfjenu þóknun handa umboðsmanni, er settur hefir verið fyrir hlutaðeigandi ábyrgðarfjelög, ef þau hafa eigi haft reglu- legan umboðsmann á staðnum, og ennfremur, að greitt hefir verið af andvirði strandgóssins bæði uppboðssólugjald og uppboðsinnheimtulaun. Þar sem lögreglu- stjóri á sjálfur að gæta hagsmuna hluðaðeiganda allra, sem fjarverandi eru, virð- ist það vera óþarft að setja slíka umboðsmenn, sem að ofan er getið um, enda er það venjulegast að eins til málamynda, og má eigi framvegis greiða af strand- fje neitt fyrir slíka umboðsmennsku, og með því að það þykir hvorki eðlilegt nje í góðu samræmi við strandlögin (sbr. sjerstaklega 18 gr. 1. i.f.) að greiða af and- virði strandgóssins uppboðsinnheimtulaun, ber að haga svo til framvegis, að kaup- endur á stranduppboðum beri þenna kostnað.

Þetta er yður, herra sýslumaður (bæjarfógeti), til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og eptirbreytni.